


Heiðursvísindamaður Landspítala - Yfirlit

(SJÁ NÁNAR MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á HVERN OG EINN (CTR+))

- 2005 Helgi Valdimarsson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2006 Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdómadeild og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2007 Guðmundur Þorgeirsson, sviðsstjóri lækninga á lyflækningasviði og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2008 Bjarni Þjóðleifsson, yfirlæknir í meltingarsjúkdómum og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2009 Rósa Björk Barkardóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í sameindameinafræði og klíniskur prófessor við Háskóla Íslands.
- 2010 Þórarinn Gíslason, yfirlæknir á lungnadeild og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2011 Einar Stefánsson, yfirlæknir augndeildar og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2012 Inga Þórsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í næringarfræðum og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2013 Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2014 Erla Kolbrún Svavarsdóttir, formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2015 Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir öldrunarlækninga og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2016 Einars Stefán Björnsson, yfirlæknir meltingarlækninga og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2017 Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2018 Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2019 Helga Jónsdóttir, forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2020 Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir hjartalækninga og gestaprófessor við Háskóla Íslands.
- 2021 Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í lungnalækningum á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2022 Helgi Jónsson, sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.
- 2023 Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur og deildarstjóri Næringarstofu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Heiðursvísindamaður Landspítala 2005-2023




2005: Helgi Valdimarsson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor við Háskóla Íslands.

Helgi Valdimarsson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor, lauk prófi í læknisfræði við Háskóla Íslands árið 1964, öðlaðist sérfræðileyfi í ónæmisfræði árið 1975 og var skipaður prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands árið 1981. Helgi hóf sérnám í lyflæknisfræði og ónæmisfræði við Royal Postgraduate Medical School í London árið 1969 þar sem rannsóknaverkefni hans snéri að ónæmisbilun í sjúklingum með þrálátar sýkingar af völdum tækifærissýkilsins *Candida albicans*. Helgi varð lektor í lyflækningum og ónæmisfræði við Royal Postgraduate Medical School í London 1972. Beindust rannsóknir hans þá að áhrifum mislingaveiru á ónæmiskerfið þ.m.t. veilu í ónæmiskerfi sjúklinga sem fengu

sjaldgæfa og síðbúna heilabólgu af völdum þessarar veiru. Einnig beindist rannsóknin að því hvort mislingaveira tengdist á einhvern hátt orsökum heila- og mænisiggs (MS). Árin 1975- 1981 var Helgi yfirlæknir og dósent við St. Mary's sjúkrahúsið í London. Helgi varð prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 1981.

Helgi hefur leiðbeint mörgum doktorsnemunum og hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg tímarit sem mikið er vitnað í og má þar nefna *Nature* og *Lancet*. Helgi hefur sinnt ótal trúnaðarstörfum en þau helstu eru: forseti Norrænu ónæmisfræðisamtakanna, formaður vísindanefndar Háskóla Íslands, í Vísindaráði Íslands, var í stjórn Scandinavian Society for Immunology, í ritstjórn Scandinavian Journal of Immunology og Scandinavian Journal of Rheumatology, formaður Vísindaráðs Háskóla Íslands. Varadeildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands og einnig forseti deildarinnar, forseti Scandinavian Society for Immunology, fulltrúi Íslands í European Medical Research Council, Fogarty styrkþegi, National Institute of Health, Bandaríkjunum, gístiprófessor við St. Mary's læknaskólann og Imperial College of Science, Technology and Medicine í London, Linköping í Svíþjóð, Kairo í Egyptalandi og Bagdad í Írak.



2006: Gunnar Sigurðsson yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdómadeild og prófessor við Háskóla Íslands.

Gunnar útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1968. Að loknu kandídatári hóf hann framhaldsnám í Lundúnum, fyrst við West Middlesex Hospital en síðar á Hammersmith Hospital, þar sem hann sérhæfði sig í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum. Hann lauk doktorsprófi frá Lundúnarháskóla á árinu 1975. Næstu tveimur árum varði Gunnar við frekari rannsóknum við háskólann í San Francisco en fluttist að því búnu aftur til Ísland. Hann var skipaður prófessor við læknadeild Háskóla Íslands árið 1995. Gunnar stofnaði m.a. beinþéttimælingarstofu Sjúkrahúss Reykjavíkur árið 1995 og hefur haft umsjón með rekstri hennar.

Gunnar hefur verið leiðbeinandi fjölda rannsóknarverkefna við læknadeild Háskóla Íslands, ritað fjölda vísindagreina fyrir erlend tímarit, Læknablaðið svo og greinar ætlaðar almenningi. Hann hefur einnig ritrýnt greinar fyrir ýmis tímarit, haldið fjölda fyrirlestra um niðurstöður eigin rannsókna og frá upphafi verið einn af virkustu vísindamönnum á Landspítala, samhliða því að gegna fjölda trúnaðarstarfa fyrir spítalann, Háskóla Íslands, Hjartavernd og ýmsar aðrar opinberar stofnanir.



2007: Guðmundur Þorgeirsson sviðsstjóri lækninga á lyflækningasviði og prófessor við Háskóla Íslands.

Guðmundur útskrifaðist sem læknir frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1973. Að loknu kandidategri fór hann til náms í Bandaríkjunum við Case Western Reserve háskólann í Cleveland, var fyrst deildarlæknir í meinafræði á árunum 1974-1978 og síðar aðstoðar- og deildarlæknir í lyflækningum 1978-1980. Hann stundaði framhaldsnám í hjartasjúkdómum á árunum 1980-1982. Guðmundur varði doktorsritgerð sína við Case Western Reserve háskólann á árinu 1978. Eftir heimkomu 1982 hóf Guðmundur störf á Landspítalanum, fyrst sem sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum, tók við yfirlæknisstöðu á bráðamóttöku spítalans á árinu 1988 og hefur verið yfirlæknir

hjartadeildar frá árinu 2001. Hann var lektor í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands 1987-1990, dósent 1990-1998 og loks prófessor í klínískri lyfjafræði frá 1. desember 1998.

Auk þessara starfa hefur Guðmundur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum bæði á innlendum og erlendum vettvangi og setið í ritstjórn erlendra vísindatímarita og Læknablaðsins.

Rannsóknarstörf Guðmundar má flokka í fernt.

- 1) Rannsóknir á boðkerfi í æðapeli, einkum stjórn á nítróxíðmyndun og hlutverk prótein-kínasa B(AKT) og AMP kínasa í æðapeli.
- 2) Faraldsfræði hjartasjúkdóma, í samstarfi við Hjartavernd, bæði í eldri rannsóknum og núverandi öldrunarrannsókn Hjartaverndar.
- 3) Klínískar lyfjarannsóknir, einkum meðferð við háprýstingi, hækkuðu kólesteróli og hjartabilun.
- 4) Erfðarannsóknir á hjarta og æðasjúkdómum, í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu.

Guðmundur hefur birt um hundrað greinar í ritrýndum vísindatímaritum auk þess ritað umtalsverðan fjölda yfirlits- og ritstjórnargreina og bókakafla í gegnum tíðina og verið leiðbeinandi fjölmargra ungra og upprennandi vísindamanna.



2008: Bjarni Þjóðleifsson, yfirlæknir í meltingarsjúkdómum og prófessor við Háskóla Íslands.

Bjarni Þjóðleifsson lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1966 og sérfræðiprófi í almennum lyflækningum í Glasgow, Skotlandi. Hann stundaði síðan framhaldsnám í meltingarsjúkdómum í Dundee og Lundúnum á árunum 1970-1976. Doktorsprófi lauk hann frá háskólanum í Dundee á árinu 1976. Bjarni var útnefndur félagi (FRCP) í Konunglega læknafélaginu í Edinborg árið 1994. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina, víða haldið fyrirlestra um niðurstöður rannsókna sinna og verið leiðbeinandi margra nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir

háskólann og Landspítala m.a. sem formaður Vísindaráðs Landspítala og formaður framhaldsmenntunarráðs Háskóla Íslands.



2009: Rósa Björk Barkardóttir yfirmaður sameinda- og meinafræðieiningar á rannsóknastofu í meinafræði og klínískur prófessor við Háskóla Íslands.


Rósa Björk Barkardóttir útskrifaðist sem líffræðingur frá Háskóla Íslands 1981 og lauk cand. scient prófi 1986 frá Árósháskóla. Titill cand. scient. ritgerðar hennar er "Gene expression in Seven Days Old Barley Seedlings" og byggði ritgerðin á niðurstöðum sem voru m.a. kynntar í ritrýndum fagblöðum og bókarkafli. Árið 1986 hóf hún störf á Rannsóknarstofu Landspítalans í meinafræði og hefur unnið þar síðan. Rósa Björk veitir forstöðu sameinda- og meinafræðieiningu sem sér um sameindameinafræðilegar þjónusturannsóknir á sýnum frá krabbameinssjúklingum og sameindaerfðafræðilegar rannsóknir á krabbameini í brjóstum og blöðruhálskirtli. Árið 2005 hlaut Rósa Björk

nafnbótina klínískur prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

Rósa Björk hefur verið mjög virkur vísindamaður, hefur haft umsjón með umfangsmiklum rannsóknum og tekið þátt í mörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Hún hefur skrifað og verið meðhöfundur á fjölda greina sem birst hafa í erlendum tímaritum og tilvitnanir í þessar greinar skipta þúsundum. Hún hefur verið leiðbeinandi nema við rannsóknarverkefni bæði innan læknadeildar og líffræðideildar Háskóla Íslands. Þá hefur hún ritrýnt fjölda greina fyrir ýmis erlend fagtímarit og tekið þátt í mörgum nefndarstörfum sem fulltrúi vinnustaðar síns eða sérsviðs. Hún situr í fagráði Rannís í heilbrigðis- og lífvísindum, í vísindaráði Landspítalans og sem fulltrúi Íslands í European Cooperation in Science and Technology (COST).

Markverðustu vísindaniðurstöður Rósu Bjarkar og samstarfsfólks hennar tengjast brjóstakrabbameini og meðfæddri áhættu til myndunar meinsins. Þau taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um leit og einangrun brjóstakrabbameinsgena, sem hafa m.a. leitt til einangrunar brjóstakrabbameinsgenanna BRCA1 og BRCA2. Stökkbreytingarnar sem hafa fundist í þessum tveimur genum á Íslandi eru einungis tvær og sýndu rannsóknir þeirra að íslenskar fjölskyldur sem

bera aðra hvora stökkbreytinguna hafa erfð hana frá sameiginlegum forföður/formóður langt aftur í aldir. BRCA2-breytingin finnst í u.þ.b. einum af hverjum 250 Íslendingum en meðal kvenna sem hafa fengið brjóstakrabbamein er hlutfallið mun hærra eða í einni af hverjum 15 konum. Þetta hlutfall hækkar eftir því sem konurnar greinast yngri með sjúkdóminn og finnst BRCA2-breytingin í einni af hverjum 4-5 konum sem greinast fyrir fertugt. Þessi háa tíðni BRCA2-breytingarinnar hjá konum með brjóstakrabbamein endurspeglar mikla aukningu á hættu á myndun brjóstakrabbameins í arfberum. Rannsóknirnar sýndu einnig að BRCA2-breytingin eykur líkur á myndun krabbameins í öðrum líffærum, einkum eggjastokkum og blöðruhálskirtli, en ekki eins mikið og í brjóstum. BRCA1-breytingin hefur einnig mikil áhrif á brjóstakrabbameinslíkur en útbreiðsla hér á landi er lítil.



2010: Pórarinn Gíslason yfirlæknir á lungnadeild og prófessor við Háskóla Íslands.

Pórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1971 og útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands vorið 1977. Hann stundaði framhaldsnám í lungnalækningum við Háskólasjúkrahúsið í Uppsölum í Svíþjóð og hlaut sérfræðiviðurkenningu í lungnasjúkdómum árið 1984. Pórarinn varði doktorsritgerð sína um kæfisvefn við Uppsalaháskóla vorið 1987: „Sleep Apnea Syndrome - clinical symptoms, epidemiology and ventilatory aspects“. Eftir heimkomu til Íslands árið 1987 hélt hann áfram rannsóknum á sviði faraldsfræði kæfisvefns, nú meðal kvenna og barna ásamt þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum á sviði astma, ofnæmis, langvinnrar lungnateppu og kæfisvefns. Pórarinn hefur handleitt marga meistara- og doktorsnema. Pórarinn er frá árinu 2001 yfirlæknir

sameinaðrar lungnadeildar Landspítala og var skipaður prófessor við læknadeild Háskóla Íslands árið 2003. Hann er og gestaprófessor við University of Pennsylvania og dósent við Uppsalaháskóla.

Pórarinn hlaut árið 2002 ásamt samstarfsaðilum styrk frá bandarísku heilbrigðisstofnunni (NIH) til að rannsaka erfðir og eðli kæfisvefns á Íslandi. Haustið 2009 veitti bandaríska heilbrigðisstofnunin prófessor Allan I. Pack nýjan styrk til þriggja ára rannsókna á kæfisvefni. Hluti þeirrar rannsóknar fer fram við lungnadeild Landspítala. Leitað verður svara við spurningum um samspil kæfisvefns við hjarta- og æðasjúkdóma og á hvaða hátt megi meta þá áhættu með mælingum bólguboðefna í blóði. Til viðbótar verður skoðað sérstaklega hvernig sjúklingum með kæfisvefn líður fyrir og eftir meðferð.

Pórarinn hefur einnig leitt íslenska þátt alþjóðlegs rannsóknarverkefnis: Evrópukönnunin Lungu og Heilsa (www.ecrsh.org), þar sem algengi astma, ofnæmis og langvinnrar lungnateppu (LLT) hefur verið kannað reglulega á Íslandi. Hann leiddi einnig þátttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni um algengi og eðli LLT (Burden of Obstructive Lung Disease (BOLD)).



2011: Einar Stefánsson yfirlæknir augndeildar og prófessor við Háskóla Íslands.

Einar Stefánsson lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1978 og doktorsprófi í lífeðlisfræði árið 1981. Einar nam augnlækningar við Duke háskólann í Norður-Karólínu og starfaði þar sem lektor og augnlæknir þar til hann kom til Íslands 1989, þá skipaður prófessor í augnlækningum og yfirlæknir á augndeild Landakotspítala, síðar Landspítala. Hann var gestavísindamaður á National Institute of Health 1985-1986. Einar var varaforseti og forseti læknadeildar Háskóla Íslands 1993-1998.

Vísindastörf Einars og samstarfsmanna hafa leitt til fjölmargra merkra uppgötvana og nýsköpunar. Þróað hefur verið mælitæki til að mæla súrefnisástand augna í mönnum, þróuð hefur verið nanótækni til að koma lyfjum betur inn í auga og þróuð hefur verið áhættugreining og

hugbúnaður til að stýra augnskimun í sykursýki og hagræða heilbrigðisþjónustu með vísindalegum aðferðum.

Ritryndar greinar Einars eru yfir 200 talsins, auk fjölda bókarkafla, einkaleyfa og mörg hundruð ágripa á ráðstefnum. Hann hefur verið heiðraður víða um heim fyrir vísindastörf. Einar er og hefur verið í stjórn nokkurra alþjóðlegra samtaka á sviði augnlækninga og vísinda. Hann er aðalritstjóri Acta Ophthalmologica, alþjóðlegs vísindatímarits á sviði augnlækninga og í ritstjórn fáeinna annarra vísindatímarita.



2012: Inga Þórsdóttir forstöðumaður Rannsóknarstofu í næringarfræðum og prófessor við Háskóla Íslands.

Inga Þórsdóttir er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði og hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg ritrynd tímarit sem mikið er vitnað í, bókarkafla og ágríp, auk þess að vera virk í fyrirlestrahaldi. Hún er forstöðumaður Næringarstofu á Landspítala og rannsóknarstofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands, prófessor við Háskóla Íslands og deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs. Inga lauk BSc prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1980, næringarráðgjafaprófi frá Gautaborgarháskóla árið 1986 og doktorsprófi í næringarfræði frá sama skóla árið 1989.

Inga tók við starfi forstöðumanns Næringarstofu og rannsóknastofu í næringarfræði árið 1995. Þá var hún skipuð prófessor við raunvísindadeild matvæla- og næringarfræðiskorar Háskóla Íslands árið 1997 til ársins 2008, skipuð deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands frá 2008 og tekur í ár við starfi forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands Inga situr í ýmsum nefndum og ráðum s.s. norrænum stýri- og sérfræðingahópi til að ráðleggja um næringarefni 1996, 2004, 2012, stjórn FENS "Federation of European Nutrition Societies" 2011, formaður manneldisráðs um árabil, í vísinda- og tækniráði o.fl.

Inga er aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi fjölda meistara- og doktorsnema. Hún hefur verið heiðruð fyrir vísindastörf sín og m.a. hlotið Fjöregg Matvæla og næringarfræðifélags Íslands, verið heiðruð á Landspítala og hlotið Ásu Wright verðlaunin. Inga var einn af þremur vísindamönnum Landspítala sem hlutu hvatningarstyrki LSH sem veittir voru haustið 2011. Hún hefur fengið fjölmarga rannsóknastyrki s.s. frá Evrópusambandinu (5. og 6. RÁ-RD, SANCO, Leonardo), frá samnorðnum sjóðum (NordForsk og NiCe) og íslenskum sjóðum.

Inga Þórsdóttir er í ritnefndum alþjóðlegra vísindatímarita s.s. Acta Paediatrica, Public Health Nutrition og Annals of Nutrition and Metabolism. Hún er og hefur verið í stjórnnum alþjóðlegra samtaka á sviði næringarfræði og vísinda, verkefnastjóri alþjóðlegra vísindaverkefna og umsjónarmaður alþjóðlegra ráðstefna. Inga er meðal annars umsjónarmaður norrænnar næringarfræðiráðstefnu sem verður á Íslandi í júní 2012.



2013: Karl G. Kristinsson yfirlæknir sýklafræðideildar og prófessor við Háskóla Íslands.

Karl G. Kristinsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1973 og læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1979. Hann fór í sérnám í sýklafræði í Bretlandi, fyrst á Glasgow Royal Infirmary og síðan á Royal Hallamshire og Northern General sjúkrahúsunum í Sheffield og tók breska sérfræðiprófið í sýklafræði (MRCPATH) árið 1987. Eftir sérnámið fékk hann styrk frá breska meinafræðifélaginu til að vinna sem Research fellow við Hygiene Institut der Universität í Köln í 8 mánuði árið 1988. Hann kom til Íslands síðar það ár og hóf störf sem sérfræðilæknir á sýklafræðideild og dósent í sýklafræði við Háskóla Íslands. Karl varði doktorsritgerð sína "Coagulase negative staphylococci and foreign body associated infections"

við Sheffield háskólann í júní 1993. Hann hefur verið yfirlæknir sýklafræðideildar síðan 1999 og prófessor í sýklafræði frá 2000.

Fjölónæmir pneumókokkar hafa verið aðalviðfangsefni rannsókna Karls. Þær rannsóknir hafa einkum verið á sviði sameindafaraldsfræði, áhættuþáttum ónæmis og tengslum við sýklalyfjanotkun. Í tengslum við þessar rannsóknir hefur hann verið í nánú samstarfi við Rockefeller háskólann í New York, Karolinsku stofnunina í Stokkhólmi, Háskólann í Lissabon, Oxford háskóla og Imperial College í London. Hann fékk styrki úr rammaáætlunum Evrópusambandsins 2000-2003 (EURIS), aftur 2004-2006 (PREVIS) og frá EEA/Norway Grants 2009-2010 (Ice-Czech). Karl tók virkan þátt í Campylobacter rannsóknum þeim er hófust í faraldrinum 1998-1999 og leiddu til nýrrar þekkingar sem hefur nýst það vel að nú er nýgengi Camphylobacter í mönnum og kjúklingum á Íslandi með því lægsta sem þekktist í heiminum.

Karl var einn af stjórnendum rannsóknar á erfðum tiltekinna smitsjúkdóma sem gerð var í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu og styrkt af National Institute of Health í Bandaríkjunum.

Karl var einn stofnenda sprotafyrirtækisins Auris ehf. sem hefur unnið að þróun nýrrar meðferðar við miðeyrnabólgu. Meðferðin byggist á því að rokgjörnum innihaldsefnum ilm kjarnaolía er komið fyrir í úteyranu. Þær smjúga síðan inn í miðeyrað þar sem þær granda bakteríunum. Síðan sannreynt var að meðferðin virkar vel á miðeyrnabólgu í rottum og er skaðlaus mönnum hefur verið unnið að þróun meðferðarformsins hjá börnum.

Karl fékk hvatningarstyrk frá Vísindasjóði Landspítala árið 2012 til að vinna að rannsóknum á áhrifum bólusetningar með próteintengdu pneumókokkabóluefni og í janúar 2013 fékk hann ásamt Ásgeiri Haraldssyni og Helgu Erlendsdóttur rúmlega 1 milljón Evra í styrk fyrir sama verkefni.

Ritryndar tímaritsgreinar Karls eru fjölmargar og ágrip ráðstefna mörg hundruð. Hann hefur leiðbeint fjölda lækna- og lífeindafræðinema í rannsóknarnámi (BS, MS og PhD). Hann var formaður Vísindasiðanefndar 1998, er einn aðstoðarritstjóri Eurosurveillance og í ritnefndum Microbial Drug Resistance og Scandinavian Journal of Infectious Diseases. Karl var forseti Norðurlandasamtaka sýklafræðinga og smitsjúkdómalækna 2009-2012. Hann er fulltrúi Íslands fyrir sýklafræði (National Microbiology Focal Point) og sýklalyfjaónæmi (Antimicrobial Resistance Focal Point) hjá Sóttvarnastofnun Evrópu (European Center for Disease Prevention and Control).



2014: Erla Kolbrún Svavarsdóttir, formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun við Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Erla Kolbrún lauk BSc gráðu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 1987. Eftir að hafa lokið kennslu- og uppeldisfræði við Háskóla Íslands árið 1988 og unnið við ýmis hjúkrunarstörf í 4 ár á geðdeild og á kvenna- og sængurkvennadeild Landspítala fór hún í framhaldsnám í hjúkrunarfræði til Wisconsin í Bandaríkjunum. Erla Kolbrún útskrifast frá Háskólanum í Wisconsin í Madison með M.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði árið 1993 og lauk doktorsprófi frá sama skóla 1997. Doktorsritgerð Erlu Kolbrúnar ber titilinn: „Family Adaptation for Families of an Infant or a Young Child with Asthma“. Erla Kolbrún var ráðin við námsbraut í hjúkrunarfræði Háskóla Íslands árið 1997 og hefur verið prófessor við Háskóla Íslands síðan 2006 og formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun á Landspítala síðan 2008.

Frá upphafi rannsóknarferils hefur Erla Kolbrún lagt áherslu á að kanna þrutseigju, seiglu, bjargráð, heilsutengd lífsgæði, vellíðan, aðlögunarleiðir og aðlögun fjölskyldumeðlima sem eru að fást við langvinna sjúkdóma bæði meðal fjölskyldna hér á landi og í Bandaríkjunum. Auk þess hefur hún unnið að aðferðafræðilegum útfærslum í fjölskyldurannsóknum með samstarfskonum í Bandaríkjunum. Um þessar mundir er Erla Kolbrún að vinna með rannsóknarhópi í Kanada að innleiðingu fjölskyldumiðaðrar heilbrigðisþjónustu á háskólasjúkrahús í Montreal. Stærsti hluti rannsókna Erlu Kolbrúnar og samstarfsmanna hennar hér á landi snýr hins vegar að þróun stuttra meðferðarsamræðna og fjölskylduhjúkrunarméðferða í tengslum við innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Landspítala og að þróun þriggja mælitækja sem mæla upplifaðan stuðning, fjölskylduvirkni og viðhorf fjölskyldumeðlima til sjúkdóma. Rannsóknirnar hafa m.a. verið þróaðar fyrir fjölskyldur bráðveikra einstaklinga með geðsjúkdóm, COPD, Alzheimer og fyrir aðstandendur einstaklinga í sérhæfðri líknarméðferð. Eins hafa þær verið þróaðar fyrir fjölskyldur barna á bráðadeild Barnaspítala Hringins og fyrir fjölskyldur sem eiga barn eða ungling með krabbamein, sykursýki eða astma, fyrir foreldra unginglinga með ADHD og fyrir aðstandendur ungs fólks með lysterstol eða lotugræðgi.

Rannsóknir um ofbeldi í nánnum samböndum hafa einnig verið Erlu Kolbrúnu hugleiknar en hún hefur ásamt samstarfsaðilum kannað í landskönnun, á slysa- og bráðadeild Landspítala, á áhættumeðgöngudeild og meðal háskólastúdenta áhrif ofbeldis í nánnum samböndum á líkamlega og andlega heilsu kvenna og á þróun einkenna um

áfallastreituröskun. Erla Kolbrún hefur fengið rannsóknarstyrki vegna rannsóknarverkefna sinna frá RANNÍS, frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, frá Vísindasjóði Landspítala og frá Vísindasjóði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga auk þess sem hún hefur, ásamt erlendum samstarfsaðilum, fengið ýmsa styrki frá erlendum samstarfsháskólum og frá CIHR í Kanada. Rannsóknir Erlu Kolbrúnar og samstarfsmanna hennar hafa í þriggung verið valdar sem áhugaverðar rannsóknir á alþjóðavísu af ritstjórum tímaritanna Journal of Family Nursing og af ritstjóra tímaritsins Journal of Advanced Nursing. Ritýndar tímaritsgreinar og bókakaflar Erlu Kolbrúnar eru fjölmargar og ágríp nokkur hundruð, auk þess sem hún er ritstjóri tveggja fræðibóka. Erla Kolbrún hefur leiðbeint fjölda nemenda í BSc námi auk nemenda í meistara- og doktorsnámi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.



2015: Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Pálmi V. Jónsson lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1979, sérfræðiprófi í lyflækningum frá University of Connecticut 1986 og sérfræðiprófi í öldrunarlækningum við Harvard University 1990. Hann var í rannsóknar- og kennslustöðu við Harvard háskóla 1988-1989, varð dósent í öldrunarlækningum við Háskóla Íslands 1994 og prófessor frá 2008. Pálmi hefur verið leiðbeinandi fjölda nemenda í rannsóknartengdu námi. Hann hefur sinnt öldrunarlækningum frá heimkomu ýmist sem yfirlæknir, forstöðulæknir eða sviðsstjóri.

Pálmi hefur starfað í fjölmörgum nefndum innan sjúkrahúsa, læknadeildar og í heilbrigðisþjónustunni, m.a. um takmörkun meðferðar við lífslok, vistunarmat aldraðra, um forgangsroðun í heilbrigðisþjónustu (1995-1998) og heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og verið formaður sérfræðinefndar lækna. Pálmi beitti sér fyrir stofnun og hefur verið formaður Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum frá 1999. Pálmi er í stýrihópi öldrunarrannsókna, sem er afar öflug rannsókn á heimsvísu og unnin í samvinnu Hjartaverndar og bandarísku öldrunarrannsóknarstofnunarinnar. Pálmi er þátttakandi í InterRAI frá 1991 og hefur setið í stjórn samtakanna frá 1999 (www.InterRAI.org). InterRAI er hópur vísindamanna sem vinnur að þróun samhæfðra alþjóðlegra matstækja fyrir fólk með langvinna sjúkdóma sem nýtur þjónustu innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Markmiðið er að skilgreina þarfir fólks á skilvirkan hátt, meta gæði, leggja mat á kostnað og auðvelda stefnumótun og alþjóðlegar rannsóknir. Pálmi hefur stýrt evrópskum og samnorraenum rannsóknum er snúa að aðferðarfræði InterRAI. Pálmi er í stjórn Middle Eastern Academy for Medicine on Aging frá 2005 og hefur sem sjálfbóðaliði kennt öldrunarlækningar fyrir lyf- og heimilislækna í miðausturlöndum.

Tímaritsgreinar Pálma eru yfir 150 (meira en 6.000 tilvitnanir, h-index 33), nokkrir bókakaflar í virtum kennslubókum í öldrunarlækningum og fjölmörg ágríp á vísindapungum auk boðsyrirlestra. Hann hlaut hvatningarstyrk Landspítala 2013. Rannsóknarverkefni Pálma eru af margvíslegu tagi.

Helstu niðurstöður úr rannsóknum sem Pálmi hefur beitt sér fyrir eða tekið þátt í:


Ákvarðanir við lífslok eru iðulega ræddar seint í sjúkdómsferli þegar einstaklingurinn sjálfur er of veikur til þess að taka þátt í umræðunni. Mikilvægt að taka almenna umræðu um lífsviðhorf og væntingar snemma og aðlaga síðan

eftir því sem sjúkdómi vindur fram. Lífsskrá og miðlæg skráning á óskum og takmörkunum á meðferð væru framfaraskerf.

Aldurstengdar breytingar eru ígildi sjúkdóma og geta haft neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar. Heilbrigður lífsstíll og hreyfing á miðjum aldri eykur líkur á heilbrigði og lífsgæðum á efstu árum. Engu að síður er aldrei of seint að bæta sig.

Erfðafræði Alzheimers sjúkdóms eykur skilning á meingerð sjúkdómsins og getur bent á hugsanleg meðferðartækifæri sem gætu breytt náttúrusögu sjúkdómsins.

InterRAI tæknin straumlinulagar heildrænt öldrunarmat sem er nauðsynlegt þar sem eldra fólk er í eðli sínu gjörólíkt miðaldra fólki. Ástæðan er víðtækar aldurstengdar breytingar, sjúkdómafjöldi sem eykst með aldri, mörg lyf og líkamleg, vitræn og andleg skerðing sem verður algengari með aldri, svo og félagsleg viðfangsefni, m.a. fjölgar einbúum. InterRAI tæknin kortleggur öll þessi mál samtímis sem auðveldar forgangsroðun verkefna og skilning á stöðu einstaklingsins. En þessi tækni greinir einnig gæðavísa innan heilbrigðis- og félagsþjónustu og metur umönnunarþyngd. Þannig skapast tækifæri til að samstilla þjónustu í samfélagi og á sjúkrahúsi sem getur leitt til bættrar þjónustu, aukinna gæða, skilvirkni og hámarks á því fjármagni sem úr er að spila á hverjum tíma.



2016: Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir meltingarlækninga og prófessor við Háskóla Íslands.

Einar lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1989, sérfræðiþrófi í lyflækningum 1993 og meltingarlækningum 1995 frá Sahlgrenska háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg. Hann lauk doktorsprófi frá Gautaborgarháskóla 1994 og var postdoc Research Fellow í Ann Arbor, við University of Michigan 1996-1997. Einar vann síðan á Sahlgrenska frá 1997-2008 en var við John Radcliffe Hospital Oxford í Bretlandi árið 2001. Árið 2006 var hann settur prófessor við læknadeild Gautaborgarháskóla. Var gestaprófessor við Mayo Clinic í Rochester í Minnesota 2006 og 2008-2009. Var einnig gestaprófessor í rannsóknarleyfi við NIH, í Bethesda í Maryland 2014- 2015. Tók við yfirlæknisstöðu í meltingarlækningum á Landspítala árið 2009 og samtímis prófessorsstöðu í sömu grein við

Háskóla Íslands. Einar hefur sýnt lyfjamálum áhuga lengi. Var formaður lyfjanefndar um notkun lyfja við meltingarsjúkdómum í Gautaborg frá 1999-2007. Einar var einnig formaður lyfjanefndar Landspítala 2010-2014. Einar er „executive“ ritstjóri Scandinavian Journal of Gastroenterology frá 2013. Einar hefur verið virkur í vísindastörfum og birt meira en 200 greinar og einnig fjölda bókakafla, sjúkratilfella og ritstjórnargreina. Hann hefur verið leiðbeinandi 7 einstaklinga sem varið hafa doktorsritgerðir auk fjölda meistara- og læknanema í rannsóknarverkefnum. Hann hefur kynnt meira en 300 ágríp á alþjóðlegum vísindaráðstefnum og haldið fjölda boðsfyrirlestra. Einar hefur samkvæmt Google Scholar meira en 12.300 tilvitnanir (h-index 65). Rannsóknir Einars eru af margvíslegum toga. Doktorsritgerðin var á sviði hreyfinga í efri hluta meltingarvegar (e. Gastrointestinal motility). Eftir það beindust rannsóknir hans um skeið að starfrænum kvillum í meltingarvegi en síðan að ýmsum lifrarsjúkdómum. Mikil áhersla var og er lögð á klínískar rannsóknir á lifrarskaða af völdum lyfja en einnig á notkun og ávanabindandi eiginleika prótónupumpuhemla.



2017: Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir ónæmisfræðideildar og prófessor við Háskóla Íslands.

Björn Rúnar lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 1981 og læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Eftir að hafa unnið sem kandídat og aðstoðarlæknir fór hann í sérfræðinám í almennum lyflækningum við University of Wisconsin í Madison Bandaríkjunum árið 1991. Þaðan fór hann í framhaldsnám í klínískri ónæmisfræði við National Institute of Allergy, Immunology and Infectious diseases, National Institutes of Health, Bethesda, Maryland í Bandaríkjunum frá árinu 1993 til 1996. Hann lauk bandarísku sérfræðiþrófi í almennum lyflækningum árið 1994 og í klínískri ónæmisfræði árið 1997. Eftir að sérnámi lauk starfaði hann sem sérfræðilæknir og vísindamaður á NIAID, NIH frá árinu 1996 til 1999. Hann varði doktorsritgerð

sína „The Regulatory Function of IL-2 and IL-12 in Autoimmunity and Thymocyte Development“ við læknadeild Háskóla Íslands árið 1999. Björn Rúnar hóf störf sem sérfræðilæknir á ónæmisfræðideild og dósent í ónæmisfræði við Háskóla Íslands árið 2000. Hann var skipaður yfirlæknir ónæmisfræðideildar Landspítala og prófessor í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 2007.

Megináherslur Björns Rúnars hafa legið á þremur sviðum. Í fyrsta lagi tilurð og afleiðingar meðfæddra ónæmisgalla, þá sérstaklega IgA skorts og galla í Lektín ferlum komplementkerfisins. Í öðru lagi stjórnun bólgusvars sjálfsonæmissjúkdóma, þá sérstaklega í tengslum við ósértækt ónæmissvar og í þriðja lagi hefur Björn Rúnar unnið síðastliðinn áratug að þróun stoðtækja í gegnum öpp og veflausnir (clinical decision support systems) til að styðja við og auðvelda greiningu, eftirlit og meðferð gigtar og ónæmissjúkdóma. Þessar rannsóknir hafa lagt grunn að einkaleyfum tengdum lyfjameðferð sjálfsonæmissjúkdóma og notkun ofangreindra veflausna. Einnig hafa þær lagt grunninn að sprotafyrirtækjum í Bandaríkjunum og á Íslandi en Björn Rúnar er einn af aðalstofnendum sprotafyrirtækisins eXpeda ehf. sem er starfandi hér á landi. Björn Rúnar hefur hlotið fjölda innlendra og erlendra styrkja vegna rannsókna sinna. Hefur hann bæði sem leiðandi rannsakandi og samstarfsaðili hlotið nokkra rannsókn- og tækniþróunarsjóðsstyrki Rannís undanfarin ár. Frá upphafi ferils síns hefur Björn Rúnar Lúðvíksson sýnt góða virkni við ritun fræðslu-, kennslu- og vísindagreina auk bókakafla í fræðigrein sinni. Liggja þannig eftir hann yfir hundruð slík rit auk nokkur hundruð fyrirlestra og ágripa í tengslum við innlendar og erlendar vísindaráðstefnur. Hann hefur leiðbeint fjölda lækna-, líffræði-, lífeindafræði-, hjúkrunarfræði- og líftölvunarfræðinema í rannsóknarnámi (BS, MS og PhD). Björn Rúnar hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum sem snúa að sérgrein hans innan- og utanlands auk þess sem hann var formaður Vísindasiðanefndar 2007–2012. Hann situr einnig í 11 ritnefndum vísindatímaritanna Scandinavian Journal of Immunology og Cellular & Molecular Immunology.



2018: Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga og prófessor við Háskóla Íslands.

Runólfur Pálsson er prófessor í lyflæknisfræði (nýrnasjúkdómafræði) við læknadeild Háskóla Íslands. Hann er jafnframt yfirlæknir nýrnalækninga og umsjónarmaður líffæraígræðsluteymis Landspítala. Runólfur Pálsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1979 og embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1985. Runólfur hélt í kjölfarið til framhaldsnáms í Bandaríkjunum þar sem hann stundaði nám í lyflækningum við Hartford Hospital og University of Connecticut 1988-1991 og í nýrnalækningum við Massachusetts General Hospital og Harvard Medical School í Boston 1991-1996. Hann lauk bandarísku sérfræðiprófi í lyflækningum árið 1991 og í nýrnalækningum árið 1996. Eftir heimkomu starfaði Runólfur fyrst við Sjúkrahús Reykjavíkur og síðan við nýrnalækningaeiningu Landspítala. Hann var skipaður yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala árið 2004. Runólfur varð lektor

í lyflæknisfræði (nýrnasjúkdómafræði) við Háskóla Íslands árið 1999, hlaut framgang í starf dósents árið 2004 og í starf prófessors árið 2014. Runólfur hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann var formaður Félags íslenskra lyflækna 2001-2016. Þá hefur hann verið forseti European Federation of Internal Medicine frá árinu 2016. Runólfur er fulltrúi Landspítala í stjórn norrænu líffæraígræðslustofnunarinnar Scandiatransplant. Hann hefur setið í deildarráði læknadeildar Háskóla Íslands frá 2013. Runólfur hefur stundað umfangsmiklar rannsóknir á nýrnasjúkdómum sem að stærstum hluta hafa verið unnar í nánú samstarfi við Ólaf Skúla Indriðason nýrnalækni og Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðing í nýrnalækningum barna, á Landspítala. Meginviðfangsefnið hafa verið faraldsfræði og erfðafræði langvinnis nýrnasjúkdóms annars vegar og nýrnasteinasjúkdóms hins vegar. Rannsóknir Runólfs og Ólafs Skúla á faraldsfræði langvinnis nýrnasjúkdóms, í samvinnu við vísindamenn Hjartaverndar, hafa sýnt fram á svipað algengi og í öðrum vestrænum samfélögum þrátt fyrir að lokastignýrnabilun sé fátíðari hér en víðast annars staðar. Loks hefur samstarf við vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar leitt til uppgötvunar breytileika í erfðavisum sem tengjast aukinni áhættu á þróun langvinnis nýrnasjúkdóms. Rannsóknir á nýrnasteinasjúkdómi hafa sýnt að vaxandi nýgengi, sem talið hefur verið að tengist vestrænum lífsstílsþáttum, skýrist að mestu af aukinni greiningu einkennalausra steina. Samvinnan við Íslenska erfðagreiningu hefur verið sérlega árangursrík því fundist hafa afar áhugaverðir erfðavisar sem hafa tengsl við nýrnasteinasjúkdóm. Loks hafa Runólfur og Viðar Örn unnið um árabil að rannsóknum á erfðasjúkdómi er nefnist adenínfosfóríbósýltransferasaskortur og leiðir til nýrnasteina og langvinnis nýrnasjúkdóms af völdum útfellinga 2,8-dihýdroxýadeníns í nýrum. Árið 2008 stofnuðu þeir ásamt samstarfsmönnum á Mayo Clinic og New York University í Bandaríkjunum rannsóknarhópin Rare Kidney Stone Consortium sem fæst við rannsóknir á sjaldgæfum erfðasjúkdómum er valda nýrnasteinum og nýrnabilun (sjá nánar á www.rarekidneystones.org). Rannsóknarhópurinn hefur notið veglegra styrkja frá Bandarísku heilbrigðisstofnunni frá árinu 2009. Meðal mikilvægra áfanga er þróun aðferðar til að mæla 2,8- dihydroxýadenín í þvagi sjúklinga með adenínfosfóríbósýltransferasaskort í samstarfi við vísindamenn hjá ArticaMass í Reykjavík. Runólfur hefur leiðbeint nemendum í doktorsnámi og meistaranámi við læknadeild Háskóla Íslands auk fjölda læknanema og ungra lækna. Runólfur hefur birt um 130 vísindagreinar og bókarkafli og hefur átt aðild að liðlega 300 ágripum sem kynnt hafa verið á vísindapringum. Þá hefur hann haldið fjölda boðsyrirlestra víða um heim. Runólfur á sæti í ritstjórn Journal of Nephrology og sat áður í ritstjórn Clinical Journal of The American Society of Nephrology um árabil. Einnig hefur Runólfur verið einn af ritstjórum og ábyrgðarmönnum Handbókar í lyflæknisfræði.



2019: Helga Jónsdóttir, forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna og prófessor við Háskóla Íslands.

Helga Jónsdóttir er prófessor í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna í samtengdri stöðu á Landspítala. Hún lauk doktorsprófi í hjúkrunarfræði frá Háskólanum í Minnesota árið 1995. Helga hefur einkum fengist við eigindlegar og meginlegar rannsóknir á reynslu, einkennum og líðan fólks með ýmsa langvinna sjúkdóma, einkum lungna- og taugasjúkdóma og fjölskyldna þeirra, ásamt því að þróa og prófa hjúkrunarþjónustu byggða á samráði fyrir þessa einstaklinga. Rannsóknirnar eru unnar í samvinnu fjölda vísindamanna innanlands og erlendis og hafa birst ríflega 70 ritrýndar tímaritsgreinar byggðar á þessum og fleiri rannsóknum. Þrjú hjúkrunarfræðingar hafa lokið doktorsprófi undir leiðsögn Helgu og nokkrir

eru nú í doktorsnámi. Hjúkrunarfræðingar sem lokið hafa meistaraþrófi undir hennar leiðsögn eru á þriðja tug.

Rannsóknarverkefni í vinnslu: Inntak og árangur samráðs til eflingar heilbrigðis einstaklinga með LLT og fjölskyldum þeirra. Styrkt af Rannsóknarsjóði HÍ., Vísindasjóði LSH og B-hluta Vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Klínískt mat og meðferð einstaklinga með gaumstol og fjölskyldur þeirra. Samstarfsverkefni HÍ., LSH og sjúkrahúsa í Litháen og Danmörku. Þróun og mat á ActivABLES tækjabúnaðinum fyrir einstaklinga með heilablóðfall. Styrkt af NordForsk. Ákvörðunartaka um lífslokameðferð taugasjúklinga á sjúkradeild. Styrkt af Vísindasjóði LSH og Rannsóknarsjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur.



2020: Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir hjartalækninga og gestaprófessor við Háskóla Íslands.

Davíð lauk kandidatsprófi frá læknadeild Háskóla Íslands. Hann hefur einnig lokið doktorsprófi frá sama skóla auk meistaraþrófs í stjórnun heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu frá Háskólanum í Reykjavík. Hann var við sérfræðinám við University of Iowa Hospitals and Clinics í Iowa City í Bandaríkjunum um sjö ára skeið og lauk þaðan sérfræðinámi í lyflækningum, hjartalækningum og raflífeðilsfræði hjartans. Hann hefur lokið bandarískum sérfræðiþrófum í lyflækningum og hjartalækningum og hefur hlotið íslenskar sérfræðiviðurkenningar í lyflækningum, hjartasjúkdómum og heilbrigðisstjórnun. Davíð Ottó hefur yfirgripsmikla stjórnunarreynslu innan heilbrigðiskerfisins og er yfirlæknir hjartalækninga á Landspítala, gestaprófessor við læknadeild Háskóla Íslands og formaður Félags íslenskra

lyflækna. Hann hefur komið talsvert að félags- og nefndarstörfum hjá Evrópusamtökum hjartalækna.

Megin áhugasvið Davíðs Ottó í vísindarannsóknum snýr að erfðafræði hjartsláttartruflana, sér í lagi gáttatífi, og nýtingu erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu. Davíð hefur unnið mjög náið með Íslenskri erfðagreiningu og hafa niðurstöður rannsókna þeirra vakið mikla athygli, birst í mjög virtum tímaritum og aukið skilning á grunnorsökum hjartsláttartruflana. Hafa rannsóknirnar meðal annars sýnt fram á mikilvægi stökkbreytinga í genum sem tjá

samdráttarprótín hjartavöðvafruma í tilkomu gáttatífs. Hafa þessar uppgötvanir leitt til grundvallarbreytinga á hugmyndum um meingerð þessarar algengu hjartsláttatruflunar og gætu leitt af sér nýja nálgun í áhættumati og meðferð sjúkdómsins.

Davíð hefur einnið heilmikið að klínískum rannsóknum. Þar má nefna samstarfsverkefni með Hjartavernd á afleiðingum gáttatífs á heila, sér í lagi áhrif til skerðingar á vitrænni getu, minnkunar á heilablóðflæði og heilarúmmálsrýrnun. Davíð hefur mikinn áhuga á nýtingu snjalltækni til fjarvöktunar á einkennum og líðan hjartasjúklinga sem og til að efla fræðslu um mikilvægi lífstílsbreytinga. Davíð undirbýr nú rannsóknir á fýsileika þess að bæta við fjareftirliti og fræðslu með snjalltækni til viðbótar hefðbundinni meðferð við kransæðasjúkdómi, hjartabilun og gáttatífi í samstarfi við fyrirtækið Sidekick Health.



2021: Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í lungnalækningum við lyflækninga- og endurhæfingarpjónustu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Gunnar lauk kandidatsprófi frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1988 og doktorsprófi frá sama skóla árið 2000. Hann var við sérfræðinám við University of Iowa Hospitals and Clinics í Iowa City í Bandaríkjunum um sjö ára skeið og lauk þaðan sérfræðinámi í lyf-, lungna- og gjörgæslulækningum. Gunnar hefur lokið bandarískum sérfræðiprófum í sömu sérgreinum auk sérfræðiviðurkenningar hérlandis. Gunnar hefur starfað við lungnadeild Landspítala frá 1998.

Gunnar er prófessor við læknadeild Háskóla Íslands síðan 2011. Hann hefur komið að félags- og nefndarstörfum hjá alþjóðlegum lungnasamtökum og verið formaður Félags íslenskra lungnalækna.

Helsta áhugasvið Gunnars í vísindarannsóknum snýr að lungnasjúkdómum. Gunnar hefur unnið mjög náið með Hjartavernd að rannsóknum á millivefslungnabreytingum sem geta verið forstíga lungnatrefjunar og hafa niðurstöður rannsókna þeirra vakið mikla athygli, birst í mjög virtum tímaritum og aukið skilning á tilurð og framþróun lungnatrefjunar. Gunnar undirbýr nú frekari rannsóknir á millivefslungnabreytingum, þar á meðal með notkun sjálfvirks úrlesturs til greiningar. Þá hefur Gunnar unnið með alþjóðlegum rannsóknahópum að rannsóknum á erfðafræði lungnatrefjunar. Hafa rannsóknirnar meðal annars sýnt fram á mikilvægi stökkbreytinga í genum sem hafa með slímframleiðslu að gera í meingerð lungnatrefjunar. Hafa þessar uppgötvanir leitt til grundvallarbreytinga á hugmyndum um tilurð lungnatrefjunar og leitt af sér nýja nálgun í áhættumati og meðferð slíkra sjúkdóma.

Einnig hefur Gunnar unnið að klínískum rannsóknum á langvinnri lungnateppu. Þar má nefna samstarfsverkefni með norrænum háskólasjúkrahúsum sem varpaði ljósi á samverkan annarra sjúkdóma með langvinnri lungnateppu. Hann hefur hlotið styrki frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Landspítala, Rannsóknamiðstöð Íslands auk fleiri aðila.



2022: Helgi Jónsson, sérfræðingur í lyf- og gigtarlækningum við lyflækninga- og bráðþjónustu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Helgi Jónsson er fæddur 1952. Hann er kvæntur Kristínu Færseth framkvæmdastjóra og eiga þau fjögur börn og sex barnabörn. Helgi lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1978 og öðlaðist lækningaleyfi á Íslandi 1980. Hann stundaði nám, lækningar og rannsóknir við Háskólasjúkrahúsið í Lundi 1981-1989 og lauk þaðan sérnámi í gigtarlækningum 1985. Hann lauk doktorsgráðu í læknisfræði frá Háskólanum í Lundi 1989. Á árunum 1989 til 1995 var hann stundakennari við Háskóla Íslands og sérfræðingur við Landspítala frá 1990 og til dagsins í dag. Dósent í lyflækisfræði, gigtarlækningum (50%), við HÍ 1995 til 2009 og prófessor í

gigtarlækningum við HÍ frá 2009.

Helgi hefur verið öflugur handleiðari unglækna og nema í læknisfræði og líffræði í rannsóknum. Hann hefur setið í doktorsnefndum og dómnefndum auk þess að gegna leiðbeinanda- og ráðgjafahlutverki í allnokkrum doktors- og meistaraverkefnum.

Helsta áhugasvið Helga er slitgigt og hefur hann rannsakað þann langvinna og bæklandi sjúkdóm í 30 ár. Helstu samstarfsaðilar hafa verið Íslensk erfðagreining og Hjartavernd en Helgi er nú í samstarfi við vísindamenn úr öllum heimsálfum. Markmiðið er ljóst og það er að bæta meðferð sjúkdómsins. Nú er svo komið að það hillir undir lyfjameðferð sem gæti breytt gangi sjúkdómsins verulega, svipað og gerst hefur í mörgum öðrum gigtarsjúkdómum.



2023: Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur og deildarstjóri Næringarstofu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir lauk BSc-prófi í matvælafræði frá Háskóla Íslands 1997 og sama ár hóf hún meistaranám í næringarfræði. Hún sótti námskeið í meistaranámi sínu í Kaupmannahöfn en vann meistaraverkefnið á lungnadeild Landspítala sem þá var á Vífilsstöðum. Hún lauk meistaragráðu í næringarfræði árið 1999 og doktorsgráðu frá Háskóla Íslands haustið 2003.

Ingibjörg hefur verið deildarstjóri næringarstofu Landspítala frá árinu 2013 og veitt Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands forstöðu. Hún er jafnframt prófessor í

næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir hefur komið að fjölbreyttum rannsóknum á sviði næringarfræði síðastliðin 25 ár í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa. Hún hefur síðastliðin 10 ár fyrst og fremst helgað sig rannsóknum á næringarástandi viðkvæmra hópa með megináherslu á barnshafandi konur.

Ingibjörg hefur hlotið bæði innlenda og erlenda rannsóknarstyrki, er virk í alþjóðlegu samstarfi og höfundur yfir 100 vísindagreina sem birtar hafa verið í alþjóðlegum vísindatímaritum sem gera strangar fræðilegar kröfur. Hún hefur lagt sig fram um að kynna rannsóknarniðurstöður sínar á fjölbreyttum vettvangi og stuðlað þannig að hagnýtingu rannsókna í klínísku starfi. Má þar nefna innleiðingu á skimun fæðuvals í upphafi meðgöngu sem hafin er í meðgönguvernd hérlandis.

Ingibjörg hefur leiðbeint fjölda meistara- og doktorsnemenda og tekist að laða hluta þeirra í störf á næringarstofu Landspítala undanfarin ár og stuðlað þannig að endurnýjun starfsstéttarinnar og eflingu vísindamenningar á Landspítala.

Ingibjörg Gunnarsdóttir er fædd árið 1974. Hún er gift Ólafi Heimi Guðmundssyni og saman eiga þau þrjá drengi, Elías Rafn (f. 2000), Gunnar Heimi (f. 2002) og Björgvin Inga (f. 2004).